

6. apríl 2022



# Fjármálaáætlun 2023-2027

Kynning fyrir fjárlaganefnd Alþingis

**Stjórnarráð Íslands**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Heildstæð áætlanagerð og stefnumörkun í opinberum fjármálum skv. LOF



Langtímahorfur í efnahagsmálum og  
opinberum fjármálum  
30 ár

- Mat á líklegri þróun samfélags-, atvinnu-, umhverfis- og byggðapátta og lýðfræðilegra breytna til næstu áratuga
- Áhrif á afkomu, fjárhagsstöðu og skuldbindingar opinberra aðila, þ.e. sjálfbærni opinberra fjármála.



Fjármálastefna  
5 ár

- Meginmarkmiðasetning stjórnvalda um opinber fjármál, þ.m.t. fyrir ríkissjóð
- Afkomu- og skuldamið til 5 ára
- Tvenns konar fjármálareglur : Grunnildir og tölusettir mælikvarðar um afkomu og skuldastöðu



Fjármálaáætlun  
5 ár

- Nánari útfærsla á markmiðum fjármálastefnunnar
- Nánari stefnumörkun um þróun tekna, gjalda og efnahags (þ.m.t. ráðstafanir)
- Stefnumótun og áætlanagerð – forgangsröðun útgjalda og útgjaldarammar fyrir málefnasvið ákveðnir



Fjárlög  
1 ár

- Nánari útfærsla á markmiðum fjármálaáætlunar fyrir komandi fjárlagaár
- Útgjöld eftir málefnasviðum og málaflokkum auk sundurliðunar í fjárveitingar til stofnana í fylgiriti
- Útfærsla á aðgerðum fyrir komandi fjárlagaár



# Umgjörð fjármálaáætlunar

- Eigi síðar en 1. apríl ár hvert leggur ráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun til næstu fimm ára hið skemmsta og skal hún lögð fram á grundvelli gildandi fjármálastefnu.
- Áætlunin er mikilvægt hagstjórnartæki og felur í sér annars vegar greiningu á horfum í efnahagsmálum og fjármálum opinberra aðila í heild og hins vegar markmið og áætlun um fjármál ríkis, sveitarfélag og félaga í þeirra eigu.
- Þá felur áætlunin í sér ítarlega útfærslu á markmiðum fjármálastefnu og stefnumörkun um tekjur og gjöld opinberra aðila og þróun þeirra.
- Í áætluninni eru einnig settir fram útgjaldarammar til 5 ára fyrir 35 málefnasvið á grundvelli stefnumörkunar stjórnvalda.
- Í greinargerð með fjármálaáætlun skal kynna stefnumótun fyrir einstök málefnasvið A-hluta ríkissjóðs og hvernig hún samræmist markmiðum um þróun tekna og gjalda.
- Ályktun Alþingis um fjármálaáætlun skal liggja til grundvallar við gerð frumvarps til fjárlaga og fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir komandi fjárlagaár.



# Fjármálaáætlun 2023-2027

## Efnisumfjöllun

### 6 meginkaflar:

1. Áherslur og stefnumið
2. Efnahagsstefnan
3. Fjármál hins opinbera og opinberra aðila
4. Fjármál ríkissjóðs (A1-hluti)
5. Fjármál sveitarfélaga
6. Umbætur í starfsemi hins opinbera

### 16 rammagreinar:

- Tekjudreifing og hagstjórn, efnahagsúrræði stjórnvalda, tekjur ríkissjóðs af ökutækjum og eldsneyti, fjárfesting ríkissjóðs, jaðarkostnaður skulda, stefna ríkisins í mannauðsmálum o.fl.

### 4 Viðaukar:

1. Reikningshaldsleg framsetning opinberra fjármála
2. Viðmið og forsendur útgjaldaáætlunar ríkissjóðs (A1-hluta)
3. Töfluviðauki
4. Greinargerðir málefnasviða




# Efnahagshorfur og efnahagsstefnan



# Krappur samdráttur og hraður viðsnúningur


Hagkerfið er nú í uppsveiflu eftir hraðan viðsnúning á síðasta ári.




# Hærrí og meira viðvarandi verðbólga

Í nýrri þjóðhagsspá Hagstofunnar er hagvöxtur svipaður og í síðustu spá, en atvinnuleysi lækkar enn hraðar samhliða því sem verðbólga hækkar meira.

Spá um atvinnuleysi færð niður



Spá um verðbólgu færð upp






# Hætta á að verðbólga festist í sessi

Þótt sumir helstu áhrifaþættir verðbólgu nú megi teljast tímabundnir kallar staðan á agaða hagstjórn til þess að koma í veg fyrir að verðbólgan festist í sessi.

**Íbúðaverð og bensín vega þungt í verðbólgunni en önnur verðbólga sækir í sig veðrið**  
Framlag undirliða til verðbólgu



**Langtímaáætlun um verðbólgu hafa færst fjær verðbólguþröskulki**  
Verðbólguálag til 5 ára eftir 5 ár







# Heimilin í sterkri stöðu

Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir að kaupmáttur vaxi áfram þrátt fyrir aukna verðbólgu. Aldrei hafa færri átt erfitt með að ná endum saman.

## Aldrei hafa færri átt mjög erfitt með að ná endum saman


Hlutfall fólks sem telur sig eiga mjög erfitt með að ná endum saman



Heimild: Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands.

## Hærra orku- og olíuverð hefur hækkað útgjöld heimilanna um 1,2% sl. 12 mánuði


Áhrif hækkingar orku- og olíuverðs á útgjöld heimila



# Staða flestra hópa á húsnæðismarkaði góð þrátt fyrir hækkun húsnæðisverðs


Miklar verðhækkanir húsnæðis og fækkun íbúða á sölusíðum endurspeglar fyrst og fremst lækkun vaxta þangað til í fyrra og rúma fjárhagsstöðu heimila.

**Fyrstu kaup hafa ekki verið fleiri í hlutfalli við  
fjölda ungs fólks frá upphafi mælinga**



Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands.

**Vanskil á húsnæðisútgjöldum í sögulegu  
lágmarki**




Heimild: XXX

# Störf orðin fleiri en fyrir faraldurinn

Í faraldrinum varð verulegur tilflutningur á vinnuafli; störfum hefur fækkað í ferðapjónustu en fjölgað í geirum sem hið opinbera greiðir fyrir að mestu.

## Flest töpuð störf eru í ferðapjónustu


Breyting í fjölda starfandi frá 2019Á4 til 2021Á4





# Áhrifapættir hagvaxtar vaxa hægar en áður

Sá vaxtartaktur sem hagkerfið leitar í samkvæmt þjóðhagsspánni er um einu prósentustigi minni en meðalhagvöxtur síðustu tveggja áratuga fyrir faraldurinn.



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



# Hagkerfið leitar fljótt í jafnvægi


Samkvæmt þjóðhagsspánni leitar hagvöxtur fljótt í langtímameðaltal og framleiðsla verður jöfn framleiðslugetu þjóðarþúsins á næsta ári.

**Gerir spáin ekki ráð fyrir viðlíka upptakti hagsveiflunnar og hefur verið raunin sögulega**  
Framleiðsluspenna (% af framleiðslugetu)




# Stuðlað að efnahagslegum stöðugleika

Eftir mikinn stuðning við eftirspurn í hagkerfinu árið 2020 munu opinber fjármál vinna gegn þenslu og stuðla þannig að efnahagslegum stöðugleika árið 2022 og á tímabili fjármálaáætlunarinnar.




# Viðnámsþróttur endurreistur

Reynsla undanfarinna ára sýnir skýrt fram á mikilvægi þess að dregið sé úr skuldum og að viðnámsþróttur opinberra fjármála sé endurreistur.



## Verulegur þrýstingur á opinber fjármál til langs tíma

Skuldahlutfall hins opinbera skv. skilgreiningu laga um opinber fjármál, úr skýrslu um langtímahorfur frá maí





# Endurreikningur á óvissubili og mat á áhrifum breyttra efnahagsforsenda





# Þríþætt mat samkvæmt fjármálastefnu

Í fyrsta sinn eru nú framkvæmdir tilteknir útreikningar í samræmi við fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026:

1. Endurreiknað óvissubíl fjármálastefnu. Endurreikningurinn tekur mið af því að óvissubilið felur í sér tölfræðileg líkindi á umfangi frávika á efnahagsforsendum á þeim tíma þegar stefnan er sett.
2. Mat á frávikum frá upphaflegum efnahagsforsendum stefnunnar.
3. Mat á því hvort og í hvaða mæli slík frávik hafa áhrif á stefnuferla afkomu og skulda.



# Óvissubili hliðrað um eitt ár

Endurreikningur óvissubils afkomu fer fram með þeim hætti að því er hliðrað um eitt ár – og það þar með þrengt á hverju ári sem eftir er af stefnunni.

	2022	2023	2024	2025	2026
Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %					
<i>A1-hluti hins opinbera</i>					
Heildarafkoma, stefnuferill fjármálastefnu	-7,0	-4,8	-3,6	-2,4	-1,0
Upphaflegt óvissubil fjármálastefnu	-1,5	-2,0	-2,5	-3,0	-3,5
<b>Endurreiknað óvissubil</b>	<b>-</b>	<b>-1,5</b>	<b>-2,0</b>	<b>-2,5</b>	<b>-3,0</b>



# Frávik frá efnahagsforsendum fjármálastefnu og áhrif á stefnuferla

Ráðuneytið hefur útbúið **einfalt og gagnsætt reikniverk** til að bera saman efnahagsforsendur að baki fjármálastefnu og nýjar forsendur skv. þjóðhagsspá Hagstofu.

Áhrif breyttra efnahagsforsenda á afkomu eru metin **óveruleg** í einfalda reikniverkinu (<0,1% af VLF 2024-2026).

Í ljósi þess að gert er ráð fyrir minni halla í fjármálaáætluninni en við gerð fjármálastefnu er **stefnuferlum afkomu og skulda ekki breytt**.



# Fjármál hins opinbera



# Fjármálastefna 2022-2026

„Stjórnvöld fylgi stefnumörkun um opinber fjármál sem stuðli að stöðugleika og sjálfbærni í samræmi við grunngildi laga um opinber fjármál með því að draga jafnt og þétt úr afkomuhalla og stöðva hækkun skulda hins opinbera í hlutfalli af vergri landsframleiðslu eigi síðar en árið 2026“

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %	2022	2023	2024	2025	2026
<b>A1-hluti hins opinbera<sup>1</sup></b>					
Heildarafkoma .....	-7,0	-4,8	-3,6	-2,4	-1,0
þar af ríkissjóður (A1-hluti) .....	-6,0	-4,0	-3,0	-2,0	-0,8
þar af sveitarfélög (A-hluti) .....	-1,0	-0,8	-0,6	-0,4	-0,2
Óvissubil .....	-1,5	-2,0	-2,5	-3,0	-3,5
Skuldir <sup>2</sup> .....	43,5	46,0	49,0	51,0	51,5
þar af ríkissjóður (A1-hluti) .....	36,0	38,0	40,5	42,0	42,5
þar af sveitarfélög (A-hluti) .....	7,5	8,0	8,5	9,0	9,0
<b>Opinberir aðilar í heild</b>					
Heildarafkoma .....	-6,5	-4,0	-2,6	-1,4	0,0
þar af A1-hluti hins opinbera .....	-7,0	-4,8	-3,6	-2,4	-1,0
þar af fyrirtæki hins opinbera <sup>3</sup> .....	0,5	0,8	1,0	1,0	1,0
Skuldir <sup>2</sup> .....	66,5	67,0	69,0	70,0	70,5
þar af A-1 hluti hins opinbera .....	43,5	46,0	49,0	51,0	51,5
þar af fyrirtæki hins opinbera <sup>3</sup> .....	23,0	21,0	20,0	19,0	19,0

<sup>1</sup> Skv. endurskoðaðri flokkun á starfsemi hins opinbera á grundvelli alþjóðlegs hagskýrslustaðals (GFS), sbr. nánari umfjöllun í kafla 6 í fjárlagafrumvarpi 2022.


<sup>2</sup> Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

<sup>3</sup> Ríkisaðilar í A2- og A3-hluta eru í þessari framsetningu birtir með fyrirtæki hins opinbera. Afkoma og skuldir fjármálafyrirtækja og sjóða er eins og verið hefur ekki meðtalið í þessari framsetningu.



# Talsverður halli en minnkar ár frá ári

Sterkari tekjur bæta afkomu hins opinbera auk þess sem gjöld vaxa hægar en undanfarið.



**183**

milljarða halli 2022

**34**


milljarða halli 2027

**Minnkandi halli ár frá ári vinnur gegn eftirspurnarþrýstingi og stuðlar að verðstöðugleika**



# Afkoma vel innan svigrúms fjármálastefnu

Halli á afkomu hins opinbera verður innan við 1% af VLF í lok tímabilsins. Afkoman er vel fyrir innan markmið samþykkrar fjármálastefnu.




# Samdráttur í hagkerfinu hefur verið minni en sviðsmyndir gerðu ráð fyrir

Vel hefur tekist að verja hagkerfið með markvissri beitingu ríkisfjármála

## Uppsafnaður hallarekstur hins opinbera árin 2020-2022 er nú áætlaður fimmtungi minni samanborið við fyrri áætlanir

sem hlutfall af VLF nemur lækkunin um 7 prósentustigum




Til samanburðar  
var hallarekstur  
áranna 2008-2010  
ríflega 30% af VLF





# Skuldahorfur hafa stórbatnað

Minni halli og meiri hagvöxtur leiða til fjórðungi lægra skuldahlutfalls 2025 en talið var í upphafi faraldursins.



**Vaxtagjöld væru 60 ma.kr. hærri 2022-2025 ef skuldir hefðu vaxið eins og útlit var fyrir í upphafi faraldurs**



# Aukning skulda verður stöðvuð

Skuldir hins opinbera samkvæmt skuldareglu stöðvast í um 44% af VLF í lok tímabilsins sem er vel fyrir innan hámark samþykkrar fjármálastefnu.

Skuldir vaxa enn til 2026, en hægar en áður

Bjartari horfur gera það mun viðráðanlegra að stöðva hækkun skuldahlutfallsins og tryggja að hinar tölusettu fjármálareglur geti tekið aftur gildi árið 2026






# Efnahagsleg áhrif faraldursins eru meira afgerandi gagnvart ríkissjóði

Mótvægisáðgerðir og sjálfvirk sveiflujöfnun hefur varið tekjustofna sveitarfélaga

## Tekjur sveitarfélaga hafa haldið áfram að vaxa þrátt fyrir kórónuveirufaraldurinn

Vísitala, tekjur\* að raunvirði 1998=100



\* án einkis og óreglulegra tekna  
Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið




# Í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir ráðstöfunum til þess að ná markmiðum

9 ma.kr. á ári hjá ríkissjóði frá 2024 eða 36 ma.kr. uppsafnað árið 2027

Ráðstafanir eru  
umtalsvert lægri  
en í síðustu  
áætlun

**Mikill munur er á afkomuþróun hins opinbera eftir sviðsmyndum og nær svartsýna sviðsmyndin út fyrir óvissubil fjármálastefnu**  
án ráðstafana





# Umfang ráðstafana hefur verið lækkandi og fer eftir efnahagsþróun


Gert er ráð fyrir að umfangið verði endurmetið árlega

Raungerist bjartsýna sviðsmyndin mun ekki vera þörf fyrir ráðstafanir

Raungerist svartsýna sviðsmyndin mun reyna á óvissubil stefnunnar

## Raungerist bjartsýna sviðsmyndin verður ekki þörf fyrir afkomubætandi ráðstafanir

uppsafnað ma.kr.





# Fjármál ríkissjóðs



# Meginmarkmið eru í samræmi við samþykktu stefnu

Helstu stefnumið fyrir fjármál ríkissjóðs

Stefnumið	Lýsing
<b>Skuldir</b>	Meginmarkmið fjármálaáætlunarinnar er að stöðva hækkun skulda sem hlutfall af VLF eigi síðar en árið 2026. Forsendur áætlunarinnar gera ráð fyrir 9 ma.kr. árlegum afkomubætandi ráðstöfunum frá árinu 2024 til þess að tryggja þá þróun, en umfang þeirra verður endurmetið árlega með hliðsjón af uppfærðum enahagshorfum og þróun opinberra fjármála.
<b>Afkoma</b>	Frumjöfnuður ríkissjóðs verður jákvæður árið 2025. Halli á heildarafkomu ríkissjóðs verði ekki meiri en 0,8% af VLF árið 2026 og 0,6% af VLF árið 2027.
<b>Gjöld</b>	Vöxtur útgjalda verði ekki meiri en sem nemur vexti landsframleiðslunnar á tímabili áætlunarinnar. Raunvöxtur frumgjalda verði hóflegur og ekki meiri en 1% á ári að meðaltali.




# Afkomuhorfur ársins 2022 batna í samanburði við áætlun fjárlaga

Halli árána 2020 og 2021 var um 8% af VLF

## Afkoma ríkissjóðs batnar verulega á þessu ári en halli er áfram umtalsverður

Heildar- og frumjöfnuður ríkissjóðs, % af VLF








# Halli á rekstri ríkissjóðs verður innan við 1% af VLF árið 2026

Án afkomubætandi ráðstafana myndi halli staðnæmast við um 1,5% af VLF

## Stefnt að jákvæðum frumjöfnuði frá 2025

Afkoma og frumjöfnuður ríkissjóðs, % af VLF



\* leiðrétt fyrir óreglulegum og einskíptis liðum 2005-2018




# Umfang útgjaldahliðar ríkissjóðs dregst saman samhliða minni stuðningi við hagkerfið

Útgjöld verða um 30% af VLF í lok tímabilsins sem er álíka hlutfall og 2018-2019

## Tekju- og útgjaldapróun ríkissjóðs

% af VLF






# Afkoma og skuldir eru fyrir innan svigrúm samþykkrar stefnu

Skuldir ríkissjóðs staðnæmast við um 37% af VLF


### Afkomuþróun ríkissjóðs

% af VLF



### Skuldaþróun ríkissjóðs

% af VLF





# Samánburður við gildandi fjármálaáætlun

Miklar sviptingar á tekju- og útgjaldahorfum ríkissjóðs – afkoman batnar um 170 ma.kr. árin 2022-2026

<u>Þjóðhagsgrunnur<sup>1</sup>, ma.kr.</u>	<u>Áætl.</u> <u>2022</u>	<u>Áætl.</u> <u>2023</u>	<u>Áætl.</u> <u>2024</u>	<u>Áætl.</u> <u>2025</u>	<u>Áætl.</u> <u>2026</u>
Horfur án ráðstafana					
Frumtekjur .....	105,5	112,2	120,1	138,0	148,3
Frumgjöld .....	30,3	44,5	53,7	63,2	69,8
<b>Frumjöfnuður .....</b>	<b>75,2</b>	<b>67,7</b>	<b>66,4</b>	<b>74,8</b>	<b>78,5</b>
% af VLF .....	2,1	1,8	1,6	1,8	1,8
Vaxtatekjur .....	6,8	6,6	5,8	6,3	6,9
Vaxtagjöld .....	16,8	2,8	-3,8	-3,4	-3,5
<b>Fjármagnsjöfnuður .....</b>	<b>-10,0</b>	<b>3,8</b>	<b>9,6</b>	<b>9,7</b>	<b>10,4</b>
% af VLF .....	-0,3	0,1	0,2	0,2	0,2
Heildartekjur .....	112,3	118,8	125,9	144,3	155,2
Heildarútgjöld .....	47,1	47,3	49,9	59,8	66,3
<b>Heildarjöfnuður .....</b>	<b>65,2</b>	<b>71,5</b>	<b>76,0</b>	<b>84,5</b>	<b>88,9</b>
% af VLF .....	1,8	1,9	1,9	2,0	2,0
Breyttar ráðstafanir á tekjuhlið .....		-15,0	-25,5	-36,0	-31,5
Breyttar ráðstafanir á gjaldahlið .....		15,0	25,5	36,0	31,5
Heildartekjur með ráðstöfunum .....	112,3	103,8	100,4	108,3	123,7
Heildarútgjöld með ráðstöfunum .....	47,1	62,3	75,4	95,8	97,8
<b>Heildarjöfnuður .....</b>	<b>65,2</b>	<b>41,5</b>	<b>25,0</b>	<b>12,5</b>	<b>25,9</b>
% af VLF .....	1,8	1,1	0,6	0,3	0,6

<sup>1</sup> Tekjur og gjöld hafa verið leiðrétt fyrir breyttri framsetningu vegna endurgreiðslu VSK til opinberra aðila til samræmis við uppgjör Hagstofu Íslands á rekstraruppgjöri ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni. Breytingin felur í sér að í stað þess að færa nettó útgjöld ráðuneyta og stofnana vegna útgjalda sem uppfylla skilyrði fyrir endurgreiðslu á VSK eru útgjöldin færð brúttó en skráðar eru tekjur hjá ríkissjóði á móti. Breytingin hefur þau áhrif að tekjur og útgjöld hækka um 13-15 ma.kr. á ári en breytingin er hlutlaus gagnvart afkomunni.



# Heildarendurskoðun á skattlagningu ökutækja

- Á tímabili áætlunarinnar verður farið í heildarendurskoðun á skattlagningu ökutækja og framtíðarfyrirkomulagi komið á.
- Breyttu fyrirkomulagi er m.a. ætlað að taka á þeirri áskorun að tekjur ríkissjóðs af skattlagningu ökutækja og eldsneytis hafa farið lækkandi undanfarin ár og myndu að óbreyttu halda áfram að lækka á komandi árum.
- Með breyttu kerfi verður stefnt að því að varna því að þessi þróun raungerist og að tekjur af ökutækjum skili um 1,7% af VLF eða sem svarar til meðaltals áranna 2010–2017. Fyrstu skref að nýju kerfi verða tekin á næsta ári.



# Raunvöxtur útgjalda verði hóflegur

- Til þess að ná markmiðum um afkomuþróun og stuðla að stöðugleika þarf raunútgjaldavöxtur að vera hóflegur á komandi árum.
- Þannig munu útgjöld ríkissjóðs ekki vaxa umfram vöxt landsframleiðslunnar á tímabilinu.
- Fjármögnun nýrra eða aukinna verkefna mun að stærstum hluta þurfa að fara fram með breyttri forgangsröðun og bættri nýtingu fjármuna innan gildandi útgjaldaramma.
- Vergar fjárfestingar ríkissjóðs verða um 2,3% af VLF að jafnaði sem er lítillega umfram langtímameðaltal.



# Fjármál sveitarfélaga



# Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga


- Í lögum um opinber fjármál er kveðið á um að fjármála- og efnahagsráðherra, í samráði við ráðherra sveitarstjórnarmála, skuli tryggja formlegt og reglubundið samstarf við sveitarfélög um mótun fjármálastefnu og fjármálaáætlunar
- Ríki og sveitarfélög hafa í tengslum við fjármálaætlun 2023-2027 gert með sér samkomulag og felur það í sér sameiginlega sýn á markmiðum ríkis og sveitarfélaga í opinberum fjármálum.
- Til að ná hagstjórnarlegum markmiðum gildandi fjármálastefnu eru aðilar sammála um að dregið verði jafnt og þétt úr hallarekstri ríkis og sveitarfélaga á tímabili áætlunarinnar í þeim mæli að hækkun hlutfalls skulda af vergri landsframleiðslu verði stöðvuð eigi síðar en árið 2026. Með þessari stefnumörkun er stuðlað að stöðugleika til næstu ára og sjálfbærni til lengri tíma litið í samræmi við grunngildi laga um opinber fjármál.



# Afkoma sveitarfélaga nálgast jafnvægi í lok tímabilsins

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum hjá sveitarfélögum

Afkoma, tekjur og gjöld sveitarfélaga,  
% af VLF\*




\*Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32 ma.kr. sem fram koma í gögnum Hagstofunnar fyrir árið 2017 er ekki meðtalin hér.



# Samneysla sveitarfélaga hefur aukist á kostnað fjárfestinga\*

Aukning samneyslu nemur 2% af VLF á tímabilinu 1998-2020 og 2,5% af VLF frá 1998-2027



\*Leiðrétt fyrir flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 og 32 ma.kr. fjármagnstilfærslu sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs árið 2017.



## Framlög til vegamála, íþróttá- og tómstundamála auk grunnskólans hafa aukist mest að raunvirði frá 2011

Fast verðlag 2020, m.kr.	Breyting á útgjöldum frá árinu 2011	
	2011-2020 (m.kr.)	2011-2020 (%)
Vegasamgöngur.....	18.481	98%
Íþróttá- og tómstundamál.....	17.374	55%
Barnaskólastig (1-7 bekkur grunnskóla).....	17.189	30%
Fjölskyldur og börn.....	11.410	45%
Örorka og fötlun.....	10.467	53%
Unglingastig (8-10 bekkur grunnskóla).....	9.988	40%
Leikskólastig.....	8.446	46%
Menningarmál.....	6.739	43%
Skipulagsmál.....	5.913	129%

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á flokkun útgjalda skv. COFOG




# Tekjuáætlun ríkissjóðs 2023-2027



# Umtalsverður bati í tekjuáætlun ríkissjóðs


Tekjur eru áætlaðar 48 ma.kr. hærri en í fjárlögum 2022

Helstu breytingar á tekjuáætlun frá fjárlögum 2022 (ma.kr.)





# Helstu áskoranir á tekjuhlið beinast að skattlagningu ökutækja og eldsneytis






# Fjölgun vistvænna og sparneytinna bifreiða leiðir af sér minni skatttekjur

## Vörugjald á hverja nýja fólksbifreið


Tekjur af vörugjaldi fólksbifreiða á hverja nýskráða fólksbifreið (þús.kr.)



Á verðlagi ársins 2021

## Bensín- og olíugjald á hverja bifreið í umferð


Tekjur af bensín- og olíugjaldi á hverja bifreið í umferð (þús.kr.)



Á verðlagi ársins 2021

## Bifreiðagjald á hverja bifreið í umferð

Tekjur af bifreiðagjaldi á hverja bifreið í umferð (þús.kr.)



Á verðlagi ársins 2021



# Skattabreytingar í farvatninu

## Efla hvata til kaupa á vistvænum ökutækjum

Herða losunarviðmið sem ráða vörugjaldi á ökutæki & fjölga VSK-ívilnunum fyrir rafmagnsbíla

## Skattlagning ökutækja endurspegli notkun


Til skoðunar að skattlagning á notkun bifreiða taki mið af aflestri á kílómetrastöðu





# Skatttekjur aukast í hlutfalli við VLF vegna endurskoðunar á skattlagningu ökutækja

## Skatttekjur og tryggingagjöld án óreglulegra liða



Heimild: Hagstofa Íslands og fjármálaáætlun 2022-2027,  
2021 eru bráðabirgðatölur frá Hagstofu Íslands.



# Útgjaldaáætlun ríkissjóðs 2023-2027



# Útgjaldaáætlun ríkissjóðs


- **Útgjaldaáætlun grundvallast á markmiðum fjármálastefnu 2022–2026 og ákvörðunum sem teknar voru í fyrri fjármálaáætlunum á síðasta kjörtímabili og fjárlögum fyrir árið 2022.**
- Áætlunin hefur verið **uppfærð með hliðsjón** af uppfærðri **þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, lýðfræðilegum forsendum og yfirferð á ætluðum útgjaldaskuldbindingum ráðuneyta auk ákvarðana** ríkisstjórnarinnar **um ný verkefni og málefnaáherslur.**
- Þá ber áætlunin þess merki að **á árunum 2022 og 2023 er dregið verulega úr tímabundnum stuðningi vegna kórónuveirufaraldursins** og þarf að hafa slíkt í huga þegar **umfang útgjaldahliðar** ríkisins á undanförunum árum er **borið saman við tímabil þessarar áætlunar.**



# Vöxtur heildar- og frumgjalda verður hægfæra og minni en vöxtur VLF

Útgjaldaþróun ríkissjóðs 2006-2027


**Umfang frumgjalda á árinu 2027 áþekkt umfangi á árunum 2017-2019**



\* leiðrétt fyrir óreglulegum og einkisþis liðum 2005-2018




# Tilfærsluútgjöld eru um 2,5% af VLF hærri á áætlunartímabilinu en árið 2015\*



\* leiðrétt fyrir fjárfestingu í Hörpu á árinu 2011.

# Vaxtagjöld ríkissjóðs vaxa að nafnvirði á tímabili áætlunarinnar





# Brúin á milli GFS og rammasettra útgjalda

Umfjöllun hér á eftir miðast við rammasett útgjöld

GFS

Útgjöld í ma.kr.	Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027
<b>Rammasett útgjöld á verðlagi 2022</b> .....	<b>1.038,7</b>	<b>1.046,6</b>	<b>1.063,1</b>	<b>1.075,0</b>	<b>1.085,8</b>
þar af áætluð rekstrarútgjöld og tilfærslur.....	931,3	943,4	956,9	966,1	976,9
þar af áætluð framlög til fjárfestinga.....	107,4	103,2	106,2	108,9	108,9
<b>Liðir utan ramma á verðlagi 2022</b>					
Lífeyrissjóðsskuldbindingar.....	61,1	59,3	57,2	55,0	52,8
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.....	25,1	26,1	27,0	27,6	28,2
Framlög til Atvinnuleysisstryggingasjóðs.....	31,9	30,8	30,4	30,4	29,9
Ríkisábyrgðir, tapaðar kröfur og tjónabætur.....	19,4	19,4	20,5	21,5	22,4
<b>Alls liðir utan ramma</b> .....	<b>137,4</b>	<b>135,7</b>	<b>135,1</b>	<b>134,6</b>	<b>133,3</b>
<b>Frumgjöld</b> .....	<b>1.176,1</b>	<b>1.182,3</b>	<b>1.198,2</b>	<b>1.209,6</b>	<b>1.219,1</b>
Frumgjöld aðlöguð gagnvart GFS-staðli <sup>1</sup> .....	-100,7	-100,1	-101,1	-100,4	-99,6
<b>Frumgjöld skv. GFS-staðli á verðlagi 2022</b> .....	<b>1.075,4</b>	<b>1.082,2</b>	<b>1.097,0</b>	<b>1.109,2</b>	<b>1.119,5</b>
Uppsafnaðar áætlaðar launa- og verðlagsbreytingar....	44,4	77,1	111,1	146,5	184,0
<b>Frumgjöld á skv. GFS-staðli á verðlagi hvers árs.</b>	<b>1.119,8</b>	<b>1.159,3</b>	<b>1.208,1</b>	<b>1.255,7</b>	<b>1.303,5</b>
Vaxtagjöld skv. GFS-staðli.....	76,4	77,4	81,4	85,9	90,4
<b>Útgjaldaráðstafanir, uppsöfnuð áhrif<sup>2</sup></b> .....		-4,5	-9,0	-13,5	-18,0
<b>Heildarútgjöld skv. GFS-staðli</b> .....	<b>1.196,2</b>	<b>1.232,2</b>	<b>1.280,5</b>	<b>1.328,1</b>	<b>1.375,9</b>

Undanskildir liðir


Aðlaganir

<sup>1</sup> Hér er einkum um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, þannig að ekki komi til tvítalningar útgjalda. Einnig er um að ræða aðlögun á meðferð lífeyrisskuldbindinga.

<sup>2</sup> Útgjaldaráðstafanir á verðlagi hvers árs.

# Þriðjungur í heilbrigðismál

Tæp 60% útgjalda til heilbrigðismála og félags-, húsnæðis- og tryggingarmála







# Rammasett útgjöld málefnasviða

Hægfara raunvöxtur sem fyrst og fremst er ráðstafað til heilbrigðismála og stærstu tilfærslukerfanna

Rammasett útgjöld á verðlagi 2022, ma.kr.	2023	2024	2025	2026	2027
Heilbrigðismál .....	324,5	328,9	333,6	339,2	332,3
Félags-, húsnæðis- og tryggingamál .....	275,2	280,3	285,9	291,6	297,4
Mennta- og menningarmál .....	131,1	129,8	131,4	131,2	129,4
Samgöngu- og fjarskiptamál .....	51,7	47,0	45,4	45,2	44,2
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	41,4	41,9	42,5	42,4	42,2
Almanna- og réttaröryggi .....	35,1	36,3	37,8	36,0	36,4
Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar ...	28,4	28,7	29,5	30,6	32,0
Umhverfismál .....	27,4	27,1	27,1	26,7	26,9
Önnur málefnasvið .....	123,8	126,7	129,8	132,2	145,1
<b>Samtals .....</b>	<b>1.038,7</b>	<b>1.046,6</b>	<b>1.063,1</b>	<b>1.075,0</b>	<b>1.085,8</b>
br. milli ára .....	22,0	8,0	16,4	12,0	10,8
br. milli ára, % .....	2,2%	0,8%	1,6%	1,1%	1,0%



# Aðhaldsmarkmið lækkar frá árinu 2022

## Viðmið og forsendur

- Kerfislægur vöxtur – **lýðfræðileg þróun og innbyggður kerfislægur vöxtur**, s.s. 3% fjölgun ellilífeyrisþega og 2,5% fjölgun örorkulífeyrisþega
- Almenn **aðhaldsmarkmið** – óbreytt viðmið frá fyrri áætlun: 1% almenn aðahaldskrafa - var 2% á árinu 2022
- **Engin aðhaldskrafa** gerð á **heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, skóla, dómstóla, bótakerfi og sjúkratryggingar**
- Niðurfelld **tímabundin** útgjöld



# Dæmi um ný og aukin útgjaldatilefni

- Haldið áfram að draga úr greiðslupáttöku sjúklinga
- Áhersla á geðheilbrigðismál
- Vinnumarkaðsúrræði til að styðja við atvinnupáttöku fólks með skerta starfsgetu
- Félagslegar aðgerðir
- Áhersla á nýsköpun og þróun
- Menntastefna
- Tónlistarmiðstöð
- Tengivegir
- Losunarheimildir – Kyoto-bókunin
- Aðgerðir gegn kynferðisbrotum og skipulagðri glæpastarfsemi
- Átak til menntunar lögreglumanna



# Helstu breytingar frá gildandi áætlun

## Rammasett útgjöld

- **Heilbrigðismál:**
  - Uppfærð áætlun við byggingu nýs Landspítala
  - Aukið framlag til sjúkratrygginga til að mæta aukinni eftirspurn eftir þjónustubáttum
  - Aukið framlag til að takast á við farsóttir
- **Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar:**
  - Aukinn stuðningur við fyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun
  - Aukin framlög í samkeppnissjóði
- **Félags-, húsnæðis- og tryggingarmál:**
  - Endurmat á áætlunum Fæðingarorlofssjóðs
- **Mennta- og menningarmál:**
  - Aukin framlög vegna fjölgunar nemenda í framhalds- og háskólum
  - Hús heilbrigðisvísindasviðs
- **Annað:**
  - Skuldbinding um skil á losunarheimildum skv. Kyoto-bókuninni
  - Aukning á framlögum til Ofanflóðasjóðs
  - Áframhaldandi stafvæðing opinberrar þjónustu
  - Aukin framlög til uppbyggingarsjóðs EES og til netöryggismála

Breyting frá gildandi fjármálaáætlun, ma.kr.	2023	2024	2025	2026
Heilbrigðismál .....	8,8	13,5	16,1	20,5
Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	3,8	7,0	9,9	11,2
Félags-, húsnæðis- og tryggingarmál .....	7,4	7,1	7,4	8,0
Mennta- og menningarmál .....	4,5	4,9	6,7	6,9
Samgöngu- og fjarskiptamál .....	2,5	2,3	2,3	2,3
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	2,3	2,1	2,0	2,0
Almanna- og réttaröryggi .....	0,9	0,5	0,2	0,5
Umhverfismál .....	0,4	-0,1	-0,1	0,2
Önnur málefnasvið .....	2,5	-3,1	-5,5	-10,4
<b>Samtals .....</b>	<b>33,1</b>	<b>34,3</b>	<b>38,9</b>	<b>41,2</b>

Á föstu verðlagi ársins 2022

# Helstu fjárfestingar\* á tíma áætlunarinnar

Verkefni/Lýsing	Umfang 23-27 (ma.kr.)	Umfang 23-27 (% af VLF)
Samgönguframkvæmdir .....	139	3,6%
Framlög til rannsókna og nýsköpunarmála <sup>1</sup> .....	135	3,5%
Bygging nýs Landspítala .....	90	2,3%
Samhæfingarmiðstöð viðbragðsaðilia .....	18	0,5%
Ofanflóðasjóður .....	14	0,4%
Framkvæmdasjóður aldraðra .....	8	0,2%
Stofnframlög vegna félagslegra leiguíbúða .....	9	0,2%
Stafrænt Ísland - upplýsingatækni .....	7	0,2%
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða .....	6	0,2%



\*Hluti þessara verkefna teljast ekki til fjárfestingar ríkissjóðs skv. þjóðhagsreikningum (GFS) s.s. hvað varðar framlög til rannsókna og nýsköpunarmála og fjármagnstílfærslur til sveitarfélaga vegna Ofanflóðasjóðs.





## Stuðningur vegna langtímaáhrifa faraldursins


- Félagslegar aðgerðir stjórnvalda hafa sérstaklega beinst að geð- og lýðheilsu með það að **markmiði að auka lífsgæði og heilbrigði í faraldrinum.**
- Aðgerðir voru ýmist beinar fjárveitingar til félagslegra verkefna og málaflokka í þeim tilgangi að **tryggja þjónustu og stuðning** eða bein fjárframlög til að **styðja við afkomu** tekjulágra einstaklinga og heimila.
- Á árunum 2023-2025 verður **3 ma.kr.** varið til verkefna sem hafa það að markmiði að vinna gegn félags- og heilsufarslegum langtímaáhrifum faraldursins. Því til viðbótar er gert ráð fyrir **400 m.kr.** varanlegri aukningu til geðheilbrigðismála.
- Verður fjármagninu ráðstafað í samræmi við niðurstöður starfshóps um **langtímaáhrif heimsfaraldursins** en verkefni hópsins er m.a. að meta þörf fyrir áframhaldandi aðgerðir og setja fram tillögur um aðgerðir til skemmri og lengri tíma.



# Stuðningur við viðkvæma hópa nam 14 ma.kr. 2020-2022

## Fjáraukalög I 2020

Stuðningur við tekjulága **3.500 m.kr.\***  
Vernd fyrir viðkvæma hópa **100 m.kr.**  
Geðrækt og andlegt heilbrigði **40 m.kr.**



## Fjáraukalög V 2020

Fjárstuðningur við sveitarfélög v. viðkvæmra hópa **1.410 m.kr.**  
Stuðningur við tekjulága einstaklinga og heimili **80 m.kr.**  
Fatlað fólk og börn **8 m.kr.**

## Fjáraukalög II 2021

Stuðningur við tekjulága **1.200 m.kr.**

## Fjárlög 2022

Geðrækt og andlegt heilbrigði **400 m.kr.**  
Fatlað fólk og börn **150 m.kr.**  
Stuðningur við tekjulága **100 m.kr.**  
Innflytjendur og flóttafólk **30 m.kr.**

## Fjáraukalög II 2020

Vernd fyrir viðkvæma hópa **750 m.kr.**  
Stuðningur við tekjulága **600 m.kr.**  
Geðrækt og andlegt heilbrigði **540 m.kr.**  
Aðgerðir gegn ofbeldi **215 m.kr.**  
Framlög til félagasamtaka **55 m.kr.**  
Stuðningur við sveitarfélög v. viðkvæmra hópa **30 m.kr.**

## Fjárlög 2021


Geðrækt og andlegt heilbrigði **693 m.kr.**  
Stuðningur við tekjulága **600 m.kr.**  
Fatlað fólk og börn **285 m.kr.**  
Börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu **240 m.kr.**  
Málefni aldraðra **130 m.kr.**  
Framlög til félagasamtaka **130 m.kr.**  
Vernd fyrir viðkvæma hópa **42,5 m.kr.**  
Innflytjendur og flóttafólk **20 m.kr.**  
Aðgerðir gegn ofbeldi **12 m.kr.**

## Fjáraukalög I 2021

Stuðningur við tekjulága **1.620 m.kr.**  
Geðrækt og andlegt heilbrigði **600 m.kr.**  
Stuðningur við aldraða **50 m.kr.**  
Framlög til félagasamtaka **40 m.kr.**  
Innflytjendur og flóttafólk **40 m.kr.**  
Aðgerðir gegn ofbeldi **25 m.kr.**  
Börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu **25 m.kr.**  
Fatlað fólk og börn **20 m.kr.**

\*Innifalið er barnabótaauki sem allar barnafjölskyldur fengu greiddan 2020.

# Lagt mat á áhrif nýrra ákvarðana á jafnrétti



Í fyrsta skipti voru helstu ráðstafanir á tekju- og gjaldahlið fjármálaáætlunar greindar með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar.

Byggt er á ýmsum kyngreindum gögnum og aðferðin gott dæmi um gagnadrifna ákvarðanatöku.

Stór hluti ráðstafananna er talinn **stuðla að jafnrétti** en fylgjast þarf með því hver áhrifin verða í raun.

Í sumum tilfellum **liggja jafnréttisáhrif ekki fyrir** en mikilvægt að unnið verði jafnréttismat á viðameiri verkefnum.

Hluti ráðstafana er líklegur til að **viðhalda eða auka kynjabil** og dregin eru fram tækifæri til **mótvægis-ráðstafana**





# Takk fyrir

**Stjórnarráð Íslands**  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið